


# Ábyrg umbúðanotkun - úrvinnsla

Upplýsingar um úrvinnslugjald af umbúðum  
úr pappír, pappa og plasti



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

## Almennt um úrvinnslugjald

Allar umbúðir úr pappa, pappír og plasti bera úrvinnslugjald frá og með 1. janúar 2006. Samkvæmt lögum ber innflytjendum og framleiðendum að annast og/eða greiða fyrir endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun (úrvinnslu) þeirra umbúða sem viðkomandi setur á markað. Þetta eru skyldur sem Íslendingar hafa gengist undir með þátttuðu í Evrópska efnahagssvæðinu. Kerfið byggist á því að innheimt gjald standi undir úrvinnslu umbúða. Því gæti sparast nokkur kostnaður hjá fyrirtækjum sem nú þurfa að greiða fyrir gámaleigu, flutning og úrvinnslu umbúða. Álagningin er í samræmi við mengunarþótaregluna sem byggist á því að sá, sem mengar, ber kostnaðinn af menguninni. Úrvinnslugjald á að virka sem hvati til að minnka umbúðanotkun.

## Greiðsluskylda

Úrvinnslugjald af innflutnum umbúðum og umbúðum, sem notaðar eru utan um innflutta vörum, verður innheimt í tolli. Greiðsluskylda úrvinnslugjalds á umbúðum, sem framleiddar eru hér á landi, myndast við útgáfu reiknings við afhendingu á vörum og gjaldið verður innheimt hjá skattstjórum á sama hátt og vörugjald. Hægt er að undanþiggja eða fá endurgreittr úrvinnslugjald vegna útflutnings á umbúðum en nánar er fjallað um endurgreiðslu hér síðar.

## Innflytjendur

Meginreglan er sú að innflytjandi/framleiðandi gefi upp þyngd umbúða við tollskýrslugerð. Ef þyngd og tegund umbúða er ekki þekkt er hægt að grípa til reiknireglu sem er innbyggð í hugbúnaði til tollskýrslugerðar. Reiknireglurnar eru annars vegar fyrir pappírs- og pappaumbúðir og hins vegar fyrir plastumbúðir. Þeir innflytjendur, sem eru notendur hugbúnaðar við tollskýrslugerð, hafa aðgang að uppfærðum hugbúnaði frá hugbúnaðarfyrirtæki sínu. Tollskýrslugerð á vef Tollstjórans í Reykjavík hefur einnig verið uppfærð. Þeim, sem nýta sér eigin tollskýrslukerfi eða handfæra skýrslur, er bent á nánari upplýsingar á vefsíðunni [www.tollur.is](http://www.tollur.is).

## Framleiðendur umbúða

Innlendir framleiðendur umbúða skrá sig hjá Ríkisskattstjóra sem gjaldendur úrvinnslugjalds. Framleiðendur pappa-, pappírs- og plastumbúða greiða úrvinnslugjald af umbúðum sem fara á innanlandsmarkað. Innheimta úrvinnslugjalds á umbúðir, sem seldar eru á innanlandsmarkað, fer fram með sama hætti og uppgjör vörugjalds og hefur sömu gjalddaga. Ekki er greitt úrvinnslugjald af umbúðum sem seldar eru til útflutnings en á reikningi þarf að koma fram að vara sé ætluð til útflutnings (sjá nánar í reglugerð). Tekið skal fram að kaupandi umbúða ber ábyrgð á að upplýsingar um notkun umbúða séu réttar.

## Útflutjendur

### Undanþága frá úrvinnslugjaldi vegna útflutnings

Fyrirséð er að talsvert magn gjaldskyldra umbúða úr pappír, pappa og plasti verður flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér. Skilyrði fyrir undanþágu er að viðkomandi umbúðir verði sannanlega fluttar úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi. Dæmi um umbúðir, sem falla undir þessa reglu, eru umbúðir sem keyptar eru erlendis til að setja utan um íslenska framleiðsluvöru, t.d. fisk. Kaupandi umbúða staðfestir og ber ábyrgð á því að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings.

Sækja þarf fyrir fram um heimild til undanþágu á greiðslu úrvinnslugjalds til tollstjóra. Undanþágan nær til tollafgreiðslu á þeim hluta sendingar sem ljóst er að fer aftur úr landi og hægt er að staðfesta útflutning á ef um er beðið síðar. Sömu vörum kann því að vera skipt niður á tollskýrslu í þann hluta sem á að fara á innanlandsmarkað og þann hluta sem verður nýttur til útflutnings.

Ekki þarf að sækja um heimild til niðurfellingar úrvinnslugjalds vegna umbúða sem framleiddar eru innanlands og fara til útflutnings. Framleiðandi umbúða gerir upp við Ríkisskattstjóra magn umbúða sem gjaldið er lagt á.



## Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings

Ef vörur eru fluttar út í umbúðum sem úrvinnslugjald hefur verið greitt af er hægt að sækja um endurgreiðslu til skattstjóra. Í umsókninni þarf að koma fram magn vöru og fjárhæð úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt. Skýrslunni þarf að skila 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Lágmarksfírhæð til endurgreiðslu hverju sinni er 10.000 krónur.

## Hvernig má lækkja upphæð úrvinnslugjalds?

Hægt er að lágmarka úrvinnslugjald með því að minnka magn umbúða utan um vörur. Þannig verður álagning úrvinnslugjalds hvati til að minnka umbúðamagn þar sem framleiðendur/innflyttjendur njóta strax ávinnings af minni notkun umbúða. Hjá fyrirtækjum þar sem mikið fellur til af pappa, pappír og plasti er tilvalið að endurskoða kostnað við meðhöndlun þess úrgangs og ræða þau mál við fyrirtæki sem meðhöndla úrgang. Upplýsingar um slíka þjónustuaðila má finna á [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is).

## Um Úrvinnslusjóð

Úrvinnslusjóður tók til starfa árið 2003 og annast umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Úrvinnslusjóður leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um þau á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á. Fulltrúar atvinnulífsins eru í meirihluta í stjórn sjóðsins.

### Sjá nánar:

[www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is) · [www.tollur.is](http://www.tollur.is)

Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald með breytingum  
Reglugerð um úrvinnslugjald  
Lög og reglugerðir er hægt að nálgast á [www.althingi.is](http://www.althingi.is)



Suðurlandsbraut 24 · 108 Reykjavík · Sími 517 4700 · [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is) · [urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is](mailto:urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is)